

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 – 10.
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138 / 1448
komudagur 26. 3. 2010

HVERFISGÖTU 105
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is

Reykjavík, 24. mars 2010.

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, hóp málsókn, 393. mál.


Neytendasamtökin fagna því að loks skuli komið til meðferðar frumvarp til laga um hóp málsókn, enda um gamalt baráttumál samtakanna að ræða. Þá er ljóst að neytendum hefði verið auðveldað til muna að ná fram rétti sínum í mörgum þeim málum sem samtökin hafa komið að, en ýmis þeirra mála eru raunar í funduð í ummælum í greinargerð með frumvarpinu, hefði lagaheimild til höfðunar hóp mála verið til staðar.

Að þessu sögðu gera Neytendasamtökin þó eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Að mati samtakanna er ekki nægilega skýrt hvað felst í h-lið 1. gr. frumvarpsins, en sá liður varðar svokallaða “opt-out”-leið, þar sem ótiltekinn fjöldi aðila getur staðið að málsókninni. Má telja að sá liður samræmist varla öðrum skilyrðum til hóp málsóknar sem fram koma í frumvarpinu, og má þar m.a. nefna d-lið c-liðar 1. gr., þar sem fram kemur að skilyrði fyrir höfðun hóp máls sé m.a. það að mögulegt sé að afmarka, tiltaka og hafa samband við þá aðila sem mynda hópinn. Má raunar nefna fleiri þætti sem eru óljósir varðandi h-lið 1. gr., eins og það hvaða opinberi aðili skuli þá hafa heimild til þess að höfða mál er varðar einkaréttarlegar kröfur, hvernig hugsanlegum bótafjárhæðum verði úthlutað o.s.frv. Neytendasamtökin telja því þörf á því að skýra þetta ákvæði nánar, ekki síst þar sem lögbundið hlutverk talsmanns neytenda hér á landi er töluvert frábrugðið hlutverki umboðsmanns neytenda á hinum Norðurlöndunum, en frumvarpið virðist gera ráð fyrir töluverðri aðkomu þess embættis að höfðun hóp mála.

Að öðru leyti hvetja samtökin eindregið til samþykktar þessa frumvarps enda ljóst að þörfin fyrir þetta réttarfarsúrræði er afar rík.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,



Hildigunnur Hafsteinsdóttir

